

**66. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 18. maí 1999, kl. 9:30.**

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason, framkv.stjóri, og Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Dagskrá:

1. Störf umhverfisfræðings.

Guðmundur Tr. Ólafsson gerði grein fyrir hugmyndum og möguleikum varðandi jarðgerð á Suðurlandi. Hann telur brýnt að móta stefnu til framtíðar sem fyrst. Í kjölfar umræðna var Guðmundi falið að afla upplýsinga um kostnað við jarðgerð, einnig að afla upplýsinga um sorphirðugjöld í sveitarfélögum á starfssvæði Sorpstöðvarinnar og gera samanburð á þeim og útgjöldum sveitarfélaga vegna sorpurðunar. Samþykkt að stjórnin fari í kynnisferð til þeirra fyrirtækja sem stunda jarðgerð.

Einnig lagði Guðmundur fram tölur um magn sorps 1998 eftir úrgangsflokkum og sveitarfélögum.

2. Samkomulag Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands.

Málið rætt og ýmsar leiðir til samkomulags.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál.

- a. Rætt um málefni Kjötmjöls ehf.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 25. maí kl. 12:00
Fundi slitið kl. 11:10.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Sesselja Jónsdóttir.
Þorvarður Hjaltason.